

Rammaáætlun C/O

Orkugarður Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Reykjavík 4. maí 2010

Umsögn í 2. áfanga Rammaáætlunar

Ekki er ljóst eftir lestur gagna um niðurstöður faghópanna hvernig niðurstöður faghóps I og II verði vegnar saman á móti sameiginlegri niðurstöðu III og IV. Von mín er sú að hún verði gerð faglega að fleirri rannsókna verði krafist og framtíðarvirði landsins fá herra vægi en nú er gert í 2. áfanga Rammaáætlunar.

Í texta með niðurstöðum faghóps II stendur:

„Þegar virkjanamöguleikar eru metnir er hver möguleiki metinn eins og hann væri eini kosturinn sem yrði nýttur. Viða eru margar virkjunarhugmyndir á svipuðum stað og verði margar þeirra nýttar, er líklegt að verðmæti þeirra staða sem eftir verða aukist. Ekki var gerð tilraun til að meta slíkt. Dæmi: Ef búið væri að virkja á flestum mögulegum virkjunarsvæðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins myndi virði þeirra fáu svæða sem eftir væri aukast til mikilla muna.“

Ég vill leggja áherslu á að svæði í næsta nágrenni höfuðborgarinnar eru ein mikilvægustu svæði ferðaþjónustunnar

vegna skemmri ferða. Dvalartími ferðamanna er að styttest og það er ljóst að fjöldi funda og ráðstefnugesta mun fara vaxandi með tilkomu Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík. Þessir ferðamenn eru einmitt einn megin markhópurinn fyrir skemmri ferðir á lítt snortin svæði. Þessar ferðir gegna mikilvægu hlutverki við að kynningu landsins enn frekar. Slíkar stuttar ferðir leiða oft til þess að gestirnir koma aftur og gefa sér þá lengri tíma til að njóta þess sem landið hefur uppá að bjóða. **Ég væntir þess að verkefnastjórnin taki tillit til þessa sjónarmiðs við lokaniðurstöður Rammaáætlunar.**

Virkjanakosta listi í þessum áfanga Rammaáætlunar vekur mjög mikla undrun mína. Á listanum eru settar fram hugmyndir að virkjunum á friðuðum svæðum og innan þjóðgarða. Svæðum sem hafa verið talin friðuð nú þegar fyrir slíkri starfsemi og þeirri miklu röskun sem fylgir virkjun.

Hugmyndir um jarðvarmavirkjanir á Torfajökulssvæðinu, í Öskju, í Kverkfjöllum, í Vonarskarði og virkjun Jökulsár á fjöllum og Hvítár fyrir ofan Gullfoss eru óásættanlegar fyrir land og þjóð. Geysir fellru einnig í þennan flokk, þó ekki sé um þjóðgarð að ræða.

Niðurstöður faghóps III virðast mér fyrst og fremst byggjast á byggðasjónarmiðum og því að stór virkjun sem sé lengst frá höfuðborginni hafi mest áhrif. Með þeirri aðferð, sem notuð er þegar niðurstöður faghóps III og IV eru settar er saman, er gefið til kynna að áhrifin séu öll og alltaf jákvæð! Sé ekki hvernig það getur staðist.

Verkefni faghóps III virðirst ekki ná að skilja hismið frá kjarnanum, eftir því hvort þjóðfélagið er í efnahagskreppu eða hvort spenna er á vinnumarkaði. Það eru einnig mikil vonbrigði að ekki hafi tekist að ná inn í matið áhrifum á aðrar atvinnugreinar og önnur ruðningsáhrif inn í faghóp III, sem verða óneitanlega

eins og hefur gerst áður og endurtekið og skal þar minnast einna helst Kárahnjúkarvirkjunar.

Ég tel mikilvægt að til þess að betri sáttu um það mikilvæga mál sem raforkuvinnsla og sambúð hennar við aðra atvinnuvegi og þjóðina er það þurfi að gera frekari rannsóknir og einnig að fara í Rammaáætlun sem greinir svæði út frá hagsmunum ferðapjónustunar og verndun náttúrunnar á mun víðtækari hátt en faghópur 2 gerði.

Virðingarfyllst

Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir

kt. 3101664729

Hraunbæ 14

110 Reykjavík